

Ár 2008, 27. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða lækkun launa alþingismanna og ráðherra

I.

Hinn 20. desember 2008 var samþykkt breyting á lögum nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. lög nr. 148/2008 sem birt voru 23. desember 2008. Við lögin bættist nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. laganna skuli kjararáð fyrir árslok 2008 kveða upp nýjan úrskurð sem feli í sér 5-15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gildi frá 1. janúar 2009 og skal ráðinu óheimilt að endurskoða þann úrskurð til hækkunar til ársloka 2009. Jafnframt skal kjararáð endurskoða laun annarra sem undir það heyra til samræmis.

Í athugasemdum með frumvarpinu er greint frá því að forsætisráðherra hafi hinn 21. nóvember sl. ritað kjararáði bréf þar sem mælt var til þess að laun þeirra sem undir ráðið heyra yrðu lækkuð um 5-15%. Í bréfinu var vísað til þess að hin alþjóðlega fjármálakreppa og hrun íslensku bankanna hefði haft víðtæk áhrif hér á landi. Í ljósi almennrar þróunar á vinnumarkaði og fjárhagsvanda ríkissjóðs vildi ríkisstjórnin sýna gott fordæmi og vilja þeirra sem nytu hæstra launa úr ríkissjóði til að taka á sig hluta byrðanna.

Kjararáð svaraði bréfi forsætisráðherra 1. desember sl. Í svarinu var bent á að kjararáð væri sjálfstæð stjórnarsýslunefnd sem væri bundin af lögum um kjararáð og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Bæri ráðinu að gæta þess samræmis sem tilgreint væri í 8. grein laga um kjararáð, meðal annars við laun sem greidd væru á grundvelli kjarasamninga hjá ríkinu, svo og almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Áður en bréf forsætisráðherra hefði borist hefði kjararáð þegar hafið athugun á því hvort tilefni væri til lækkunar launa þeirra sem undir ráðið heyra. Niðurstaðan hefði verið að ekki væru komin fram nægilega traust gögn um launaþróun eftir bankahrunið og kjarasamningar hefðu ekki verið endurskoðaðir. Taldi ráðið því ekki lagaskilyrði til að fella nýjan almennan úrskurð um laun og starfskjör þeirra sem undir ráðið heyra.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir enn fremur að launalækkunin skuli gilda tímabundið út árið 2009 en að því búnu geti kjararáð að nýju fellt úrskurð um þennan hóp að teknu tilliti til kjara hjá viðmiðunarhópum eins og þau verða á þeim tíma. Hugsunin sé að þeir sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega mest að jafnaði. Ekki megi endurskoða úrskurðinn til hækkunar út árið 2009 en heimilt að endurskoða hann til lækkunar, til dæmis ef í ljós kæmi að viðmiðunarhópar lækkuðu enn meira en sem nemur úrskurði ráðsins.

Kjararáð ákveður þingfararkaup, sem nú er 562.020 krónur á mánuði. Til viðbótar er nefndarformönnum, varaforsetum Alþingis og flokksformönnum, í lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup og þingfararkostnað, ákveðið mismikið álag á þingfararkaup auk þingfararkostnaðar. Þessi kjör ákveður Alþingi sjálft. Forseti Alþingis hefur samkvæmt ákvörðun Alþingis sömu launa- og starfskjör og ráðherrar, varaforsetar,

Þingflokksformenn og formenn þingnefnda fá 15% álag á þingfararkaup, varaformenn fjárlaganefndar og utanríkismálanefndar fá 10% álag og formenn stjórnmalaflokka, sem ekki eru jafnframt ráðherrar, fá 50% álag á þingfararkaup. Auk þess fá þingmenn ýmsan starfstengdan kostnað greiddan, svo sem ferðakostnað og húsnæðiskostnað. Þeir eiga rétt á að fá starfskostnað endurgreiddan gegn framvísun reikninga eða sem fasta mánaðarlega upphæð, 66.400 krónur, og dregst þá staðgreiðsla frá þeirri upphæð nema reikningum sé vísað fram. Þar sem kjararáð ákveður eingöngu hluta af laununum, þ.e. þingfararkaup, getur það ekki uppfyllt þann tilgang laganna að þeir þingmenn sem hæstu launin hafa lækki hlutfallslega meira en aðrir þingmenn.

Í lögum nr. 148/2008 segir að þrátt fyrir ákvæði 8. og 10. gr. laga um kjararáð skuli ráðið lækka laun alþingismanna og ráðherra um 5-15%. Löggjafinn markar því með lögnum stefnu um launaþróun ríkisstarfsmanna til næstu framtíðar í stað þess að kjararáð taki í ákvörðunum sínum mið af breytingum sem hafa orðið. Samkvæmt athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 148/2008 er kjararáði ætlað svigrúm til þess að útfæra lækkunina.

Staðfestar upplýsingar um launalækkanir eru takmarkaðar enn sem komið er, en fréttir úr mismunandi áttum benda til þess, að lækkun tiltölulega hárra launa sé þegar hafin. Virðist ekki óvarlegt að ætla að staðfestar tilhneigingar gæti nú þegar um lækkanir launa a.m.k. á bilinu 5-15 af hundraði hjá þeim sem hafa 450.000 krónur eða meira í mánaðarlaun, þótt það sé ekki enn komið fram í launavísitölum nema að litlu leyti. Þá hefur ekki verið samið um lækkun launa ríkisstarfsmanna.

Kjararáð telur rétt, með hliðsjón af því sem áður segir, að mánaðarlaun forsætisráðherra verði 935.000 krónur eða lækki um tæplega 15%, mánaðarlaun annarra ráðherra verði 855.000 krónur eða lækki um tæplega 14%, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi, sem verði 520.000 krónur á mánuði eða lækki um tæp 7,5 %.

II.

Ákvörðunarorð

Þingfararkaup skal vera 520.000 krónur á mánuði, mánaðarlaun ráðherra skulu vera 855.000 krónur, að meðtöldu þingfararkaupi, mánaðarlaun forsætisráðherra skulu vera 935.000 krónur, að meðtöldu þingfararkaupi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. janúar 2009.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Svanhildur Kaaber